

Nd. **130. Frumvarp til laga** [108. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Sverrir Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búlandshreppi jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Búlandshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Háls og Kambshjáleiga liggja í næsta nágrenni Djúpavogs og eru báðar í eyði. Íbúar kauptúnsins hafa afnot jarðanna og þurfa margt þangað að sækja. Vatnsból Djúpavogs er í landi Háls að nokkru leyti, og nýjum vatnsbólum verður á næstunni að koma upp í Hálslandi eða Kambshjáleigulandi. Mikil nauðsyn er á landi jarðanna vegna fjárhúskapar á Djúpavogi, og þannig mætti fleira telja, sem sýnir, að eðlilegast er, að Búlandshreppur eignist jarðirnar. Flm. leggja því til, að heimilað verði að selja þær hreppnum.